



6. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn fimmtudaginn 4. desember 2025, kl. 11:45.
haldinn í Borgartúni 27, 2. hæð

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmaðóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Andri M. Kristjánsson.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, 6. nóvember 2025.
2. Varamaður stjórnar Fh á Háskólaþingi.
3. Halldór Valgeirsson, sérfræðingur Greiningarsjóðs háskólafélaganna kemur á fundinn.
4. Samráðsnefndarfundur Fh og HÍ 11. nóvember sl.
5. Sameiningarnefnd Fh, FPR, FHA.
6. Fréttir af BHM.
7. Önnur mál.

3. Halldór Valgeirsson sérfræðingur Greiningarsjóðs háskólafélaganna

Fundurinn hófst á þriðja dagskrárlið. Halldór Valgeirsson sérfræðingur Greiningarsjóðs háskólafélaganna kom inn á fundinn. Stjórn félagsins kynnti sig og Halldór sagði frá starfsferli sínum og áherslumálum. Rætt um mikilvægi starfsins, næstu skref, gagnaöflun og úrsvinnslu.

1. Fundargerð, 6. nóvember 2025

Fundargerðin var samþykkt með athugasemdum.

2. Varamaður stjórnar Fh á Háskólaþingi

Ákveðið var að Andri M. Kristjánsson verði varamaður félagsins á Háskólaþingi.

4. Samráðsnefndarfundur Fh og HÍ, 11. nóvember sl.

Baldvin sagði frá fundinum og fór yfir dagskrárliði sem eru eftirtaldir:

- Málefni rannsóknalektora og rannsóknadósenta vegna rannsóknaleyfis og verklag
- Nýdóttorar. Gögn hafa verið sett inn á teamssvæði nefndarinnar og félagið er með það í skoðun.
- Greiðslur fyrir háskóladaginn. Fh hefur ekki fengið formlegt svar vegna málsins sem rætt var í fjármálanefnd skólans.
- Ógreidd yfirvinna í Læknadeild. Fh hefur fengið upplýsingar um hvernig greiðslum var háttað haustið 2024 og mun í framhaldi senda mál er þetta varðar til samráðsnefndar HÍ um kjaramál.

- Laun BS nema í samanburði við laun meistara- og doktorsnema skv. samningum Fh og Sameykis er til skoðunar.
- Rætt um Heru og fjármagn sem verja á til innleiðngu kerfisins, þrátt fyrir hallarekstur.
- Endanlegar vinnureglur vinnumatssjóðs Félags háskólakennara og nýdoktora.
- FH upplýsti um að félagið í samvinnu við FEDON muni senda inn formlegt erindi til Jafnréttisnefndar skólans, um veikindarétt doktorsnema.

5. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA

Baldvin sagði frá tveimur fundum sem hafa verið haldnir í nefndinni, sem fjölluðu að mestu um gerð könnunar. Farið var yfir drög að könnuninni sem til stendur að senda á félagsfólk félaganna. Könnunin var rýnd og stjórnarfólk beðið um að gera athugasemdir og ábendingar á milli funda. Rætt um að senda könnuna til félagsfólks á nýju ári. Til stendur að senda fréttapistil og jólakveðju til félagsfólks Fh og þar verður m.a. sagt frá fyrirhugaðri könnun.

6. Fréttir af BHM

Baldvin sagði frá fundi kjaranefndar BHM þar sem m.a. var farið yfir sameiginlegar bókanir í kjarasamningum félaganna. Íris sagði frá því að stjórn bandalagsins væri að leggja síðustu lokahönd á fjárhagsáætlun næsta árs. Þá sagði hún frá því að Orlofssjóður BHM hyggst ráða framkvæmdastjóra sjóðsins.

7. Önnur mál

Baldvin sagði að niðurstaða máls sem rætt var um á aukafundi stjórnar þann 19. nóv. sl., vegna tveggja frídaga stjórnarsýslu um jól, hafi verið sú að FPR sendi inn erindið óbreytt í sínu nafni.

Fundi lauk kl. 13:30 Næsti fundur verður haldinn 8. janúar 2026.